

15. fundur Framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Austurvegi 56, Selfossi, 19. janúar 2009 kl. 13:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Hörður Sigurgestsson, Jóna Sigurbjartsdóttir, Snorri Finnlaugsson og Elvar Valsson. Einnig mættu starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands á fundinn: Steingerður Hreinsdóttir og Sædís Íva Elíasdóttir sem ritaði fundargerð.

Elliði Vignisson og Hrafn Sævaldsson tóku þátt í fundinum í gegn um fjarfundabúnað.

Setning fundar. Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

1. Fjármál

VSSV hefur úthlutað í 28 verkefni frá 2007 og þar af hefur 11 verkefnum verið lokið. Farið var yfir fjármál samningsins út árið 2009. Rætt um möguleikana á að ná sérfræðiframlaginu sem skilgreint er í samningnum. Unnið verður áfram að því að ná sérfræðiframlaginu inn í verkferla.

2. Verkefni til afgreiðslu

a) Þróun vara úr íslensku korni og mjólkurafurðum

Verkefnið sem sótt er um hér í framhaldi af góðu samstarfi um bygg. Eyrarbúið ehf. og Mátís ohf. hafa unnið saman frá árinu 2006 að þróunarverkefni um bygg til manneldis í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, Ölgerðina, Mylluna og Kornax. Dreifing á heilhvætti og byggmjóli hófs um miðjan janúar 2009 í samvinnu við Kornax ehf. Guðnabakarí og MS koma nú að verkefninu og ætlunin er að þróa sér sunnlenska matvöru þar sem íslenskt hráefni spilar stórt hlutverk. Verkefnið gengur út á að þróa brauðmeti, kex og aðrar vörur eingöngur úr íslensku hráefni. Verkefnið verður unnið sem sameiginlegt þróunar-, rannsóknar- og samstarfsverkefni sem gengur út á að nýta að fullu þau hráefni sem eru til staðar í nærumhverfinu og skapa mun meiri verðmæti úr þeim heldur en gert er í dag. Sú aðferð sem beitt verður við vöruþróunina er viðurkennd aðferð hönnuð af Robert G. Cooper og gengur undir heitinu Áfanga- og gáttaáætlun. Áætlaður verktími er frá janúar-september 2009. Sótt er um 3.300.000.- Framkvæmdastjórn telur æskilegt að áfangaskipta verkefninu og samþykkir á þessu stigi 1,5 milljónir í framleiðslurýni.

b) Verslun og þjónusta í Árborg

Verkefnið gengur út á bættu samvinnu á milli fyrirtækja í verslun og þjónustu á Árborgarsvæðinu. Verkefnið felur einnig í sér möguleika á hagræðingu fyrir fyrirtæki Árborgar meðal annars með því að sameinast um innkaup aðfanga og flutninga eða dreifikerfi. Þá er einnig hugmyndin að móta sameiginlega kynningarstefnu fyrir samfélagið meðal því meðal annars að tengjast þeim atburðum sem tengjast svæðinu s.s. Brúarhlaupinu og Vor í Árborg. Framkvæmdatími verkefnisins er frá janúar – maí 2009. Sótt er um 2.550.000.- Framkvæmdaráð samþykkti að veita kr. 1.500 þús. til verkefnisins.

c) Undan öskunni

Verkefnið snýst um að þróa ferðir með leiðsögn um söguslóðir og náttúruperlur í Þjórsárdal. Semja leikþátt um Gauk á Stöng til sýninga í Þjóðveldisbænum og víðar, t.d. Árnesi. Þróa tónlistarprógram, þjóðlega tónlist sem hægt er að flytja á uppákomum í Þjóðveldisbæ og á ferðaþjónustustöðum. Vinna nemendaverkefni sem eflir ímynd heimamanna og styrkir ferðaþjónustu auk þess að upplýsa komandi kynslóðir um menningararfinn. Áætlað er að verkefnið verði í þróun á árunum 2009-2010. Sótt er um 2.500.000.- Samþykkt að veita 2 mkr. til verkefnisins.

d) Móttökustöð fyrir lifandi sjávarafurðir

Markmið verkefnisins er að opna móttökustöð í Vestmannaeyjum fyrir lifandi sjávardýr en þar er aðgangur að hreinum sjó úr borholum nægur. Slíkar stöðvar eru vel þekktar erlendis en slík stöð yrði nýjung á Íslandi. Þekking á þeim búnaði sem þarf til að halda sjávardýrum á lífi er til staðar og er eitt af megin markmiðum verkefnisins að setja upp fullkomna tilraunaaðstöðu til móttöku á lifandi sjávardýrum. Verkefnatími er áætlaður framkvæmdatími er 8 mánuðir. Sótt er um 3.500.000.- Samþykkt að veita verkefninu 2,8 mkr. í formi fjármagns og 800 þúsund í formi sérfræðiframlags sem verður innt af hendi af Þekkingarsetri Vestmannaeyja.

e) Matjurtaverkefni

Markmið verkefnisins er að auka neyslu grænmetis, efla verslun með garðyrkjuafurðir og auka þekkingu á ræktun matjurta og meðferða garðávaxta hjá neytendum. Verkefnið felst í því að halda uppi öflugri kynningu og miðla fróðleik og þekkingu til neytenda og til áhugafólks með sem víðtækustum hætti. Áætlaður framkvæmdatími er janúar-desember 2009. Sótt er um 4.000.000.- Framkvæmdastjórn hafnar þátttöku í verkefninu þar sem það fellur ekki að markmiðum Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja.

f) Þróun á útflutningi á skyri

Verkefnið gengur út á að finna leiðir til að lengja geymsluþol á skyri framleiddu hjá MS á Selfossi úr 30 dögum í 40 daga. Fyrst verður rannsakað hvaða þættir við vinnslu, löggun, pökkun og dreifingu takmarka geymsluþol skyrs. Síðan verður þessum takmarkandi þáttum breytt eða þeir útilokaðir og mælt hvaða áhrif breytingarnar hafa á geymsluþol skyrs. Loks verða tilraunasendingar fluttar sjóleiðis til væntanlegra kaupenda í útlöndum ef tekst að ná tilsettu marki að lengja geymsluþolið. Áætlaður framkvæmdatími er út ágúst 2009. Sótt er um 2.800.000.- Framkvæmdaráð samþykkir að óska eftir nánari upplýsingum og frestar afgreiðslu málsins.

2. Ársfundur

Samþykkt að stefna að því að halda ársfundinn í viku 12. Byrjað er að vinna drög að ársskýrslu.

3. Önnur mál

a) Sjávarútvegsráðstefna í Vestmannaeyjum

Hrafn gerði grein fyrir sjávarútvegsráðstefnu; **Þátttaka atvinnulífsins í rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi** sem haldin verður í Vestmannaeyjum. Óskað er eftir að Vaxtarsamningurinn greiði hluta af þeim kostnaði sem hlýst af því að halda ráðstefnuna eða 400 þúsund. Einnig mun Þekkingarsetur Vestmannaeyja leggja fram 300 þúsund af sérfræðiframlaginu sem skilgreint er í VSSV.

b) Næsti fundur

Samþykkt að stefna að næsta fundi 16. febrúar n.k. kl. 13.00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.

<hr/> Friðrik Pálsson	<u>Í fjarfundi</u> <hr/> Elliði Vignisson	<hr/> Hörður Sigurðsson
<hr/> Jóna Sigurbjartsdóttir	<hr/> Elvar K. Valsson	<hr/> Snorri Finnlaugsson
<hr/> Steingerður Hreinsdóttir	<u>Í fjarfundi</u> <hr/> Hrafn Sævaldsson	<hr/> Sædís Íva Elíasdóttir